

42  
8. marz **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðar-  
sýslu, um, að Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur verði tvær  
dómpinghár og manntalspinghár.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 21. f. m., og ósk hreppsnefnda Svarfaðardals- og Dalvíkurhreppa, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að hvor hreppur um sig verði sérstök dómpinghá og manntalspinghá, með þingstað á Grund fyrir Svarfaðardalshrepp, en á Dalvík fyrir Dalvíkurhrepp.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið og til frekari birtingar.

43  
13. marz **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnassýslu, um  
skiptingu Ölfushrepps í tvö sveitarfélög.**

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Ölfushrepps og meðmælum sýslunefndar Árnassýslu um skiptingu Ölfushrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Ölfushreppi í Árnassýslu skal skipt í tvö sveitarfélög, er nefnist Ölfushreppur og Hveragerðishreppur. Hveragerðishreppur nær yfir allt land jarðarinnar Vorsabæjar vestan Varmár og land Öxnalækjar vestan Suðurlandsbrautar (Krisuvíkurveggar). Einnig leggist til Hveragerðishrepps íþróttasvæði austan Varmár, sem er auk eignarlands héraðssundlaugarinnar að Laugaskarði spilda úr landi Reykja, næst austan við land Sundlaugarinnar, er takmarkast að sunnan af Varmá, að austan af línu úr Varmá dreginni til norðurs samsíða langveggjum sundþróarinnar og í 50 — fimmtíu — metra fjarlægð frá eystri barmi hennar. 30 — þrjátíu — metrum norðar en lína framlend úr norður-gafli sundþróarinnar sker fyrrgreinda línu úr Varmá skal merkjalínan brotna lítið eitt til vesturs og liggja til norðurs jafnlangt og land sundlaugarinnar nær nú í punkt, sem er 30 — þrjátíu — metrum austar en norðausturhorn eignarlands sundlaugarinnar. Að norðan takmarkast íþróttasvæðið af línu dreginni gegnum þrjá steinsteypa hliðstólpa til vesturs til skurðar við Varmá, en til austurs til skurðar við fyrstgreinda línu úr Varmá, en sá skurðpunktur sé 30 — þrjátíu — metrum austan við skurðpunkt laugarlækjarins (austurtakmarka landareignar sundlaugarinnar) og línunnar úr hliðstólpunum.
2. Eignum, skuldum og ábyrgðum Ölfushrepps skal skipt þannig, að  $\frac{5}{8}$  falli til hins nýja Ölfushrepps, en  $\frac{3}{8}$  til Hveragerðishrepps.
3. Barnaskólaeignin og þinghúseignin í Hveragerði verði sameign beggja hreppanna að jöfnu við skiptin, þannig, að Hveragerðishreppur kaupir  $\frac{1}{3}$  í báðum eignunum, og miðast verð þeirra beggja við bókfært kostnaðarverð þeirra (að frádregnum ríkisstyrk) við reikningslok ársins 1945. Ölfushreppur skal eiga kost á að kaupa hluta Hveragerðishrepps í bifreið hreppsins og bílskúr við bókfærðu verði á sama tíma.
4. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Ölfushrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem